

Mál nr. 12/2016**M og****vátryggingafélagið V vegna forfallatryggingar ferðatryggingar greiðslukorts.****Endurgreiðsla ferðakostnaðar vegna dauðsfalls náins ættingja 14. desember 2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 17.1.2016, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 22.1.2016, ásamt vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Þann 5. september 2015 pantaði M og greiddi ferð til Bandaríkjanna sem fyrirhuguð var þann 19. júní 2016. Í málskoti kemur fram að ferðin hafi verið hugsuð til að heimsækja systur M. Þann 14. desember 2015 lést systir M og hætti M því við að fara umrædda ferð. M afpantaði ferðina og fékk hluta ferðakostnaðar endurgreiddan, en hefur gert kröfu í forfallatryggingu greiðslukorts síns vegna því sem eftir er. M vísar til vátryggingarskilmála, sérstaklega 21. gr. þeirra, og telur að hún eigi að fá tjónið bætt úr forfallatryggingu greiðslukortsins.

V telur að þó skilyrði 21. gr. vátryggingarskilmála, um að náinn ættingi hafi látist, séu uppfyllt sé forsenda greiðslu skv. umræddri grein sú að óhjákvæmilegt sé að afturkalla pöntun ferðarinnar sem fyrirhuguð var. V vísar til þess að ekkert komi fram um að M þurfi að vera á Íslandi, vegna andláts systur sinnar, á þeim tíma sem ferðin var fyrirhuguð en það sé forsenda greiðsluskyldu. Einnig vísar V til 22. gr. vátryggingarskilmála sem segir að ekki sé greiddar bætur ef vátryggður sé tregur til að ferðast.

Álit.

Í málinu er enginn ágreiningur um að hluti skilyrða 21. gr. vátryggingarskilmála greiðslukortatryggingar M séu uppfyllt. Það er, að náinn ættingi hennar hafi andast. Ágreiningur er hins vegar um hvort það andlát hafi leitt til þess að óhjákvæmilegt hafi verið að afturkalla pöntun ferðarinnar. Þegar litið verður til þess að vátryggingarskilmálar veita ekki þá vátryggingavernd að vátryggður (M) geti gert það sem hann fyrirhugaði, í þeirri ferð sem hann hefur pantað, verður ekki séð að M hafi verið óhjákvæmilegt að afturkalla pöntun umræddrar ferðar í þeim almenna skilningi sem leggja verður í umrædda vátryggingarskilmála. Þó aðstæður séu mjög sérstakar hjá M og tilgangur fyrirhugaðrar ferðar hennar að engu orðinn, verður ekki séð að forfallatrygging hennar veiti vernd fyrir slíkum aðstæðum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 12. apríl 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.